

**Mál nr. 84/2022****Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.****Nafn váttryggingartaka ábyrgðartryggingar(X)****Skaðabótaábyrgð. Þjónusta.****Gögn.**

1. Málskot mótttekið 8. mars 2022, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 25. mars 2022 ásamt fylgiskjölum.

**Málsatvik.**

Í málskoti kemur fram að þann 12. júlí 2020 hafi M slasað sig er hann var að ganga yfir háan þröskuld á leið út af veitingastað M. Hann hafi misstigið sig og hlotið meiðsli á vinstri fæti. Á grundvelli þessa krafðist M, með bréfi dags. 18. júní 2021, bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V. V hafnaði kröfunni með bréfi dags. 23. júlí 2021. M telur að orsök slyssin megi rekja til ófullnægjandi aðstæðna sem M beri ábyrgð á þar sem hæð þröskuldar við útganginn hafi verið of mikil. Vísar M m.a. til dómafordæma og ákvæða byggingarreglugerðar nr. 112/2012 máli sínu til stuðnings. Um sé að ræða þjónustu sem fjöldi fólks sækir á degi hverjum og ber að veita þeim sem mest öryggi.

V telur ósannað að slysið verði rakið til ófullnægjandi aðstæðna á staðnum en umræddur útgangur sé neyðarútgangur og hafi hann verið merktur sem slíkur. Ekki liggi annað fyrir en að fasteignin og þ.m.t neyðarútgangurinn uppfylli þær reglur sem voru í gildi þegar húsið var byggt. Engar kvartanir hafi borist vegna slysa við umræddan útgang og hafi M þekkt aðstæður á staðnum og vitað að umræddur útgangur væri ekki almennur útgangur heldur neyðarútgangur.

**Álit.**

Ágreiningur þessa máls lítur að því hvort bótaskylda sé fyrir hendi úr ábyrgðartryggingu X vegna líkamstjóns M. M ber sönnunarbyrðina fyrir því að tjónið megi rekja til saknæmra athafna eða athafnaleysis af hálfu X eða aðila sem það ber ábyrgð á. Ekki liggja fyrir nein gögn eða vitnaframburðir í málinu sem styðja frásögn M af atvikinu né heldur matsgerð óháðra aðila eða önnur úttekt á hinum meinta vanbúnaði fasteignarinnar. Þar sem M hefur ekki sýnt fram á að aðstæður á vettvangi hafi verið með þeim hætti að leitt hafi til slyssins er greiðsluskylda því ekki fyrir hendi úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 10. maí 2022

Sóley Ragnarsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir